| Vegagerðin<br>Borgartúni 5-7<br>105 Reykjavík | SAMGÖNGUÁÆTLUN 2023 - 2027<br>UMSÓKN UM FRAMLAG | Höfn/svf.: **Reykjaneshöfn**<br>Útfyllt af: **Halldór K Hermannsson**<br>Dags: **31.07.2022** |
|---|---|---|

| Ár | Verkefni | Stutt lýsing á verkefnum (helstu stærðir) og markmiðum framkvæmda |
|---|---|---|
| 2022 | Smábáthöfnin í Gróf – endurbætur vegna tjóns | Endurbætur á festingum og búnaði vegna skemmda sem urðu á þremur flotbryggjum í smábátahöfninni í Gróf í óveðurshrinu sem gekk yfir í febrúar árið 2022. Kostnaður vegna endurbóta var kr. 5,6 milljónir með vsk. |
| 2023 | Njarðvíkurhöfn – skemmd á sjóvörn | Endurbætur sjóvarnar á utanverðri Njarðvíkurhöfn sem skemmdist í óveðri í febrúar 2020. Framkvæmdir í upphafi árs. |
| | Njarðvíkurhöfn – Dýpkun | Dýpkun innsiglingar að höfn og innan hafnarsvæðis í -6,0m að hluta og allt upp í -8,0m að hluta. Við þetta skapast öruggari innsigling til hafnarinnar og djúpristari skip geta betur athafnað sig innan hafnar. Framkvæmt á fyrri hluta ársins. |
| | Njarðvíkurhöfn - Nýr skjólgarður | 400m langur skjólgarður byggður fyrir sunna starfstöð Skipasmíðastöð Njarðvíkur. Með tilkomu hans skapast örugg viðleguaðstaða við utanverða núverandi viðlegukanta Njarðvíkurhafnar og höfnin verður lífhöfn. Slíkt skapar jafnframt tækifæri fyrir aukna starsemi á svæðinu í hafntengdri starfsemi. Framkvæmt að hluta til um leið og dýpkun fer fram í höfninni og lýkur fyrir árslok. |
| | Njarðvíkurhöfn – Nýr viðlegukantur | 200m viðlegukantur (stálkantur) byggður innan á nýjan skjólgarð við Njarðvíkurhöfn með 30m þekju og aðkomuvegi. Viðkomandi aðstaða er hugsuð til að þjónusta skipastól Landhelgisgæslu Íslands og tengda aðila. Framkvæmd hefst á haustdögum. |
| 2024 | Njarðvíkurhöfn – Nýr viðlegukantur | 200m viðlegukantur (stálkantur) byggður innan á nýjan skjólgarð við Njarðvíkurhöfn með 30m þekju og aðkomuvegi. Viðkomandi aðstaða er hugsuð til að þjónusta skipastól Landhelgisgæslu Íslands og tengda aðila. Framkvæmd, að frátalinni steyptri þekju, líkur á haustdögum. |
| | Njarðvíkurhöfn – endurbætur á viðlegukanti Suðurgarðs | Endurbyggður 100m viðlegukantur (stálkantur) með -9,0m dýpi og breikkaðri þekju. Núverandi aðstað takmarkar notkun skipa vegna grynninga. Framkvæmd, að frátalinni steyptri þekju, líkur á haustdögum. |
| | Ný löndunaraðstaða smærri fiskibáta | Endurbyggður 30m viðlegukantur (stálkantur) með -3,0m dýpi og breikkaðri þekju. Núvernandi löndunaraðstað í Keflvíkurhöfn verður aflögð. Framkvæmd, að frátalinni steyptri þekju, líkur á haustdögum. |

| | | |
|---|---|---|
| 2025 | Njarðvíkurhöfn – Nýr viðlegukantur<br><br>Njarðvíkurhöfn – endurbætur á viðlegukanti Suðurgarðs<br><br>Njarðvíkurhöfn - Ný löndunaraðstaða smærri fiskibáta<br><br>Njarðvíkurhöfn – Hafnarvog<br><br>Njarðvíkurhöfn – Nýtt hafnarhús | Steypt þekja og annar frágangur. Framkvæmd líkur á haustdögum.<br><br>Steypt þekja og annar frágangur. Framkvæmd líkur á haustdögum.<br><br>Steypt þekja, settir upp tveir löndunarkranar og annar frágangur. Framkvæmd líkur á haustdögum.<br><br>20m löng bílavog og ein pallavog settar upp á landfyllingu milli Suðurgarðs og Norðurgarðs við nýtt hafnarhús. Núverandi vog við Keflavíkurhöfn verður aflögð. Framkvæmdum líkur á haustdögum.<br><br>Hafnarhús byggt á landfyllingu milli Suðurgarðs og Norðugars sem hýsir skrifstofur, starfsmannaaðstöðu og vigtaraðstöðu hafnarinnar. Núverandi aðstaða við Keflavíkurhöfn veður aflögð. Framkvæmd hefst í upphafi árs og líkur á haustdögum. |
| 2026 | | |
| 2027 | | |